

Craig McLachlan og dómur fyrir kynáreitni

Craig McLachlan (f. 1965) er ástralskur leikari og fjölmiðlamaður. Í desember 2020 féll dómur í máli frá 2014, þar sem hann var ásakaður af fjórum konum fyrir kynáreitni, meðan stóð á sýningum á „Rocky Horrow Show“ í Sidney. Í einu tilvikanna var um að ræða óumbeðinn koss, annars ósiðlegt þukli eins og að kitla konu á læri innanvert. Hann var lýstur saklaus af öllum ákæruliðum.

Dómarinn, frú Belinda Wallington, lét sér um munn fara ýmislegt áhugavert. T.d. þóttist hún þess fullviss, að enda þótt ákærur og vitnaleiðslur væru ekki nógu sannfærandi, væru konurnar fjórar engu að síður „hugrökk og heiðarleg vitni.“

Henni þótti bagalegt, að hin nýju lög um upplýst samþykki hefðu ekki legið fyrir á ódæðisárinu, því þá hefði dómurinn líklega litið öðruvísi út. Vafalaust hefur Belinda dómara verið skemmt, þegar hinn ákærði hóf upp raust sína og söng fyrir hana til að sýna fram á, að óhægt hefði verið um vik að kyssa meðleikarann samtímis.

Craig, margverðlaunaður fyrir störf sín, vísaði ákærum á bug, en útilokaði í sjálfu sér ekki að hafa snert konurnar. Að tjaldabaki ríkir bæði galsi og glettni, sagði hann, fólk faðmast og kyssist. En kynferðislega löngun til sakaráberanna hefði hann ekki haft.

Belinda gat ekki stillt sig um að sparka til hins ákæra, þrátt fyrir sýknu. Hún vandaði Craig ekki kveðjunnar, sagði hann „sjálfumglaðan uppskafning“ (egoistical and self-entitled).“

Það hafa fallið fleiri áþekkir dómur í málum, sem komið hafa til kasta dómstóla í kjölfar „mee-too“ sefasýkisbylgjunnar (sem RÚV kallaði „me-too“ byltingu, (líklega) einn fjölmiðla á Vesturlöndum). Það verður fróðlegt að fylgjast með framvindu mála, nú þegar stöðugt er slakað á kröfum um sannleiksgildi ásakanna og áburðar.

Kvenfrelsunarhreyfingin hefur eins og margir vita barist ótrauð fyrir því, að konum sé skilyrðislaust trúað. Reynsla og hugboð hinnar einstöku konu skal vera hinn gullni staðall þess, hvað satt sé og rétt í veröldinni. Það á jafnt við um vísindi og réttarfar, mannlífið yfirleitt.

<https://www.abc.net.au/news/2020-12-15/craig-mclachlan-not-guilty-of-assault-indecent-assault-charges/12983170>